

**Aflmæling og sýnataka í Kröflu 1981-01-10 -  
12**

**Halldór Ármannsson, Trausti Hauksson**

**Greinargerð HÁ-TH-81/01**

Aflmæling og sýnataka í Kröflu 1981-01-10 -12.

Hola KJ-15 var aflmæld og tekið úr henni sýni 1981-01-11. Þar niðurstöður, sem fyrir liggja, eru sýndar í töflum I og II.

Virkjunin notar sem stendur u.þ.b. 33 kg/sek af gufu, og er gashlutfall hennar 1,5%. Væri þeim 4 kg/sek, sem fást úr holu KJ-15, bætt við, hækkaði gashlutfall í heildargufurennslis í 2,0%. Meira máli skiptir að þekkja heildargasrennslis, sem nú er 0,50 kg/sek, en yrði eftir viðbótina 0,74 kg/sek. Í hönnunarforsendum túrbínu er gert ráð fyrir, að ejetorar hafi undan u.þ.b. 0,7 kg/sek (hámark) af gasi við 6,7 bar inntaksþrýsting, en hann er nú 6,3 bar. Allt bendir til, að ejetorar hefðu ekki undan eftir viðbótina, við núverandi inntaksþrýsting.

Klórstyrkur í heildarrennslis reyndist 2,4 mg/kg í sýni frá 1980-11-30, og er því lítil miðaður við styrk þess í rennslis hola KJ-13 og KG-12, þar sem tæringarvandamála af völdum klórs hefur orðið vart. Hins vegar er klórstyrkur rennslis úr holu KJ-14 mjög áþekkur þessum. Vatn það sem rennur úr holunni er og hefur verið tært og ekki hefur orðið vart tæringarmyndefnis í þéttri gufu.

Halldór Ármannsson

Trausti Hauksson.

Tafla I. Afl og gas í holu KJ-15 1981-10-11

Kl	Po bar	vatn kg/sek	Varma- innihald kJ/kg	Heildar- rennsli kg/sek	Gufu- rennsli v. 1barabs kg/sek	Gufu- rennsli v. 7barabs kg/sek	Gas í heildar- rennsli %	Gas- rennsli kg/sek
11 <sup>30</sup>	9,9	0,04	2650	4,0	3,9	3,8	6,3	0,24

Tafla II. Frumniðurstöður efnagreininga sýnis úr holu KJ-15 frá 1981-01-11.

Gufa		Þéttivatn (+ vatn)		
CO <sub>2</sub>	H <sub>2</sub> S	pH/°C	CO <sub>2</sub>	H <sub>2</sub> S
mg/kg	mg/kg		mg/kg	mg/kg
63150	1269	4,16/17	1316	78,4